



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

**Vatnsbúskapur Svínavatnsmiðlunar
árin 1950-1991**

Hluti A: Greinargerð

Ásgeir Sigurðsson, Sigfinnur Snorrason,
Svanur Pálsson

Unnið fyrir Rafmagnsveitur ríkisins

OS-94003/VOD-02

Maí 1994



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 742629

**Vatnsbúskapur Svínavatnsmiðlunar
árin 1950-1991**

Hluti A: Greinargerð

Ásgeir Sigurðsson, Sigfínnur Snorrason,
Svanur Pálsson

Unnið fyrir Rafmagnsveitur ríkisins

OS-94003/VOD-02

Maí 1994

ISBN 9979-827-38-6

SVÍNAVATNSMIÐLUN – vhm119 Helstu einkennisþættir

• Miðlað vatnsfall

Nafn: Efri-Laxá

Tegund: Úr miðluðu stöðuvatni (Svínavatni) með dragárinnrennsli

Vatnasvið: 229 km²

• Vatnshæðarmælar

Vatnshæð í lóni:

Áður vatnsborðsstöð vhm119

Óreglulegar vatnshæðarmælingar hófust 1950.07.02

Álestur á kvarða á tveggja vikna fresti hófst 1958.10.01

Síríti frá 1966.11.11

Vatnshæð er hér í m y.s.

Núllpunktur staðarkerfis er 121,06 m y.s.

Útrennsli:

Áður rennslisstöð vhm036

Álestur á kvarða hófst í ágúst 1947

Síríti frá 1955.06.13, færður 1966.12.16

• Meðalútrennsli

1951-1960 4,58 m³/s

1961-1970 3,94 "

1971-1980 4,06 "

1981-1990 3,76 "

Mesta dagsrennsli 77,9 m³/s 1952.05.21

Minnsta dagsrennsli 0,00 m³/s 1979.05.31

• Einstakir stöðvarþættir

Vatnshæð í lóni

Forði í lóni, fundinn út frá vatnshæð í lóni

Útrennsli

Innrennsli = útrennsli + aukning forða í lóni

ABSTRACT

The report presents data from the period 1950-1991 on the water budget of the regulated lake, Svínavatn in Northern Iceland, and the river Efri-Laxá which flows from the lake. The river is harnessed in the power plant Laxárvatnsvirkjun further downstream, but the utilization of the water in the power plant is not described in this report. The State Electric Power Works as the owner of the power plant is responsible for keeping records on the water budget. They have made an agreement with the Hydrological Survey of Orkustofnun, National Energy Authority, to run the two continuous water level gauging stations, one in the lake Svínavatn and another in the river Efri-Laxá, with help from the staff of the power plant. Orkustofnun is also responsible for processing the data, storing it in a database and publishing it.

The report consists of two parts. **Part A** is a general summary report describing the conditions in Svínavatn and the regulated river, the history of water gauging as well as the factors pertaining to the acquisition and processing of relevant data. This part of the report contains two appendices, the first with tables of stage-storage and stage-discharge relationships and the second with monthly and yearly values for water level, storage and discharge components. The discharge is given as an accumulated as well as an average value. Data on maximum and minimum inflow to the lake is also presented.

Part B starts with the same tables of data as in appendix 2 of part A, but contains primarily a collection of tables and graphs of daily values for each hydrological component together with monthly and yearly values.

Parts A and B include graphs of temperature and precipitation based on data from the Icelandic Meteorological Office.

The river, Efri-Laxá, is significantly influenced by the regulation of the voluminous lake Svínavatn. The regulation is achieved with the help of a dam with a spillway and a gate, but the inflow to the lake is of the direct runoff type.

All calculations of the hydrological components belonging to this station (vhm119) are based on the records from two continuous gauging stations, one in the lake and the other in the river. The size of the drainage area is 229 km².

The data processing is carried out on the computer of Orkustofnun with a suite of programs specifically written for this purpose. Six hydrological components are computed, the first three derived from the primary data, but the other three are calculated from the first three provided that the stage-storage relation for the reservoir is available. This applies formally to all reservoirs as well as to power stations, but in case of this station we are actually dealing with only two primary and two derived components. A summary of station and hydrological characteristics is on the back side of the title page, and an English version of it is overleaf.

All hydrological data is available in digital form.

SVÍNAVATNSMIDLUN Reservoir – vhm119 Main station and hydrological characteristics

- **Regulated river**

Name: Efri-Laxá

Type: From a regulated lake (Svínavatn) with direct runoff inflow

Drainage area: 229 km²

- **Gauging stations**

Water level in reservoir:

Originally water level station vhm119

Irregular readings on staff gauge started 1950.07.02

Readings every two weeks started 1958.10.01

Continuous gauging station since 1966.11.11

Water level is here in m a.s.l

0-point of local system at elevation 121.06 m a.s.l

Outflow:

Originally discharge station vhm036

Reading on staff gauge started in August 1947

Continuous gauging station since 1955.06.13, new site 1966.12.16

- **Mean outflow**

1951-1960 4.58 m³/s

1961-1970 3.94 "

1971-1980 4.06 "

1981-1990 3.76 "

Maximum daily discharge 77.9 m³/s 1952.05.21

Minimum " " 0.00 m³/s 1979.05.31

- **Hydrological components**

Water level in reservoir

Reservoir storage, derived from water level in reservoir

Outflow

Inflow = outflow + change in reservoir storage

EFNISYFIRLIT

SVÍNAVATNSMIÐLUN – vhm119	
Helstu einkennisþættir	2
ABSTRACT	3
SVÍNAVATNSMIÐLUN Reservoir – vhm119	
Main station and hydrological characteristics	4
1. INNGANGUR	7
2. AÐSTÆÐUR VIÐ EFRI-LAXÁ OG SVÍNAVATN	8
3. NÚMERAKERFI OG STÖÐVARÞÆTTIR FYRR OG NÚ, FERLI GAGNAVINNSLU	10
4. FORÐA- OG RENNSLISLYKLAR	12
5. TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR	13
6. NIÐURSTÖÐUR	13
VIÐAUKI 1: Forða- og rennslislyklar Svínavatnsmiðlunar	21
VIÐAUKI 2: Árstöflur með mánaðargildum einstakra stöðvarþátta	27

M Y N D A S K R Á

1.	Yfirlitskort af Efri-Laxá og Svínavatni	8
2.	Helstu hæðartölur í m y.s. tilheyrandi stíflum í útfalli Svínavatns	9
3.	Ársmeðaltöl útrennslis, forða og innrennslis 1950-1991	15
4a.	Mánaðarmeðaltöl útrennslis, forða og innrennslis 1950-1970	16
4b.	Mánaðarmeðaltöl útrennslis, forða og innrennslis 1971-1991	17
5a.	Ársmeðalhiti og úrkoma á Nautabúi og náttúrulegt ársmeðalafrennsli í mm af vatnasviði miðlunarinnar 1950-1970	18
5b.	Ársmeðalhiti og úrkoma á Nautabúi og náttúrulegt ársmeðalafrennsli í mm af vatnasviði miðlunarinnar 1971-1991	19
6a.	Mánaðarmeðalhiti og úrkoma á Nautabúi og náttúrulegt mánaðar- meðalafrennsli í mm af vatnasviði miðlunarinnar 1950-1970	18
6b.	Mánaðarmeðalhiti og úrkoma á Nautabúi og náttúrulegt mánaðar- meðalafrennsli í mm af vatnasviði miðlunarinnar 1971-1991	19

1. INNGANGUR

Vatnamælingar Orkustofnunar (OS-VM) og Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) fylgjast í sam-einingu með vatnsbúskap rafstöðva og vatnsmiðlana, sem stöðvarnar nýta. Í þessari skýrslu eru birt gögn um vatnsbúskap Svínavatnsmiðlunar á árunum 1950-1991, en miðlunin hófst 1937. Gögn um rennsli árinna eru til frá 1947, en elstu vatnshæðarmælingar í Svínavatni eru frá 1950. Gögnin í skýrslunni eru byggð á vatnshæðarmælingum í tveimur vatnshæðarmælum Vatnamælinga, í Svínavatni og í Efri-Laxá. Hér er litið svo á, að þessir mælur skrái vatnshæð í lóni og útrennsli hjá vhm119, sem nú skoðast sem miðlunarstöð í númerakerfi Vatnamælinga. Lengst af hefur verið litið á fyrri mælinn sem vatnsborðsstöð, vhm119 eða vhm1119 í kerfinu, og á þann síðari sem rennslisstöð, vhm036. Eldri skýrslur Vatnamælinga á rafstöðvarformi voru reyndar kenndar við "rafstöð" vhm036 Efri-Laxá, Ásum; Svínavatnsútfall. Starfsmenn Rafmagnsveitnanna hafa annast gæslu mælanna að mestu, en Vatnamælingar Orkustofnunar hafa unnið úr gögnunum og varðveitt þau í gagnabanka.

Skýrslan skiptist í tvo hluta, sem nefndir eru *Hluti A* og *Hluti B*.

Hluti A er skýrsla á hinu venjulega formi skýrslna Orkustofnunar. Fremst er yfirlit yfir helstu einkennisþætti miðlunarinnar. Síðan kemur ágríp á ensku ásamt enskri þýðingu á yfirlitinu. Þar á eftir kemur meginhluti skýrslunnar, þar sem gerð er grein fyrir aðstæðum við miðlunina, mælingum, ferli gagnavinnslu, minnst á örfá atriði, sem hafa þarf í huga til að tryggja, að gögn verði sem nákvæmest í framtíðinni, og fjallað um niðurstöður. Þá eru niðurstöður einstakra stöðvarþátta settar fram yfir allt tímabilið á myndrænu formi. Stöð er í þessu samhengi virkjun, miðlun eða veita með sínu vhm-númeri í stöðvanúmerakerfi Vatnamælinga, og með stöðvarþætti er þá átt við hverja þá dagsgildaröð, mælda eða reiknaða, sem tengist formlega þessu númeri í gagnabanka Vatnamælinga. Í þessum hluta skýrslunnar eru tveir viðaukar. Í viðauka 1 eru þeir forða- og rennslislyklar, sem koma við sögu, og í viðauka 2 eru töflur með mánaðar- og árgildum einstakra stöðvarþátta fyrir hvert ár fyrir sig.


Hluti B er á lausblaðaformi. Meginhluti hans eru töflur með dagsgildum fjögurra stöðvarþátta og línurit byggð að mestu á þeim sömu dagsgildum. Þar eru einnig töflurnar úr A-hlutanum með mánaðar- og árgildum einstakra stöðvarþátta. B-hluti skýrslunnar er gefinn út í mjög litlu upplagi og er einungis ætlaður þeim, sem þurfa að skoða gögnin nánar en unnt er í A-hlutanum. Gert er ráð fyrir því, að flestum lesendum nægi A-hlutinn.

Bæði í A- og B-hlutanum koma fyrir línurit, sem sýna veðurþætti. Er þar byggt á gögnum frá Veðurstofu Íslands.

Skýrslan er tekin saman af Ásgeiri Sigurðssyni, Sigfinni Snorrasyni og Svani Pálssyni. Árni Snorrason, Kristinn Einarsson, Páll Ingólfsson og Tómas Jóhannesson gáfu fjölmargar ábendingar. Áður höfðu ýmsir starfsmenn Vatnamælinga lagt hönd á plóginn við vinnslu og innslátt frumgagna.

2. AÐSTÆÐUR VIÐ EFRI-LAXÁ OG SVÍNAVATN

Efri-Laxá fellur úr Svínavatni til Laxárvatns. Úr Laxárvatni rennur Laxá á Ásum til sjávar. Laxárvatnsvirkjun er í Laxá á Ásum neðan Laxárvatns, sjá mynd 1.



Mynd 1. Yfirlitskort af Efri-Laxá og Svínavatni.


Sumarið 1937 var byggð stífla í útfalli Efri-Laxár úr Svínavatni til vatnsmiðlunar vegna Laxárvatnsvirkjunar. Hún var steinsteypt með 16 m löngu steypu yfirfalli í hæðinni 122,33 m y.s. Nokkru síðar var farið að hækka yfirfallið árstíðabundið frá síðsumri fram til vors með því að bæta ofan á það u.þ.b. 35 cm háu timburþili. Stíflan var endurbyggð 1958. Nýrra yfirfallið er 20 m langt, en einnig er í stíflunni flóðgátt. Helstu hæðartölur, sem tengjast þessum stíflum, eru sýndar á mynd 2. Tölurnar eru flestar fengnar af mynd Fnr. 4264 9.3.1959 gerðri af Sigurjóni Rist og Petrínu Jakobsson. Kvarði er á nýrri stíflunni og er 0-punktur hans gefinn í hæð 121,06 m y.s. Tvö fastmerki eru nú á svæðinu. Annað er í stórum steini í vatnsborði Svínavatns 124,453 m y.s. (3,393 m á kvarða), en hitt er bolti í stíflugarðinum með álestur 124,091 m y.s. (3,031 m á kvarða). Álestrarnir miðast við kvarða Vatnamælinga á stíflugarðinum. Síritarnir

tveir á svæðinu eru stilltir inn miðað við þessi fastmerki eins og kvarðinn. Ekki er vitað hversu nákvæmar þessar hæðartölur eru sem réttar hæðir yfir sjó, en hins vegar eru viðmiðunarhæðir síritanna og þar með vatnshæðir mjög nákvæmlega mældar út frá fastmerkjunum.

Vatnsborð Svínavatns er mælt í síritandi vatnshæðarmæli, sem settur var upp 11. nóvember 1966. Lengst af hefur verið litið á þann mæli sem vatnsborðsstöð, vhm119, í númerakerfi Vatnamælinga, á síðustu árum sem vhm1119, þar sem 1 sem fremsta tala gefur til kynna, að um vatnsborðsstöð sé að ræða. Mælirinn er stilltur eftir kvarðanum á stíflunni, þannig að núll á mælinum samsvarar 121,06 m y.s. Fyrir tíma síritans voru óreglulegar vatnshæðarmælingar gerðar á yfirfalli stíflunnar. Elstu mælingarnar, sem finnast hjá Vatnamælingum, eru frá 2. júlí 1950. Þá var mælt hversu mikið vantaði upp á það, að vatn rynni yfir stífluyfirfallið. Þegar vatn rann á yfirfalli, voru tölur skráðar með mínus. Mælt var á þennan hátt allt til 1. október 1958, þegar kvarði kom á nýju stífluna. Eftir það var vatnshæð lesin af kvarðanum. Álestrar voru með um tveggja vikna millibili. Í þessari skýrslu hafa allar vatnshæðir verið umreiknaðar í m y.s., í eldri skýrslum voru þær í staðarkerfi.

Eldri stíflan, byggð 1937

Nýrri stíflan, byggð 1958



Mynd 2. Helstu hæðartölur í m y.s. tilheyrandi stíflum í útfalli Svínavatns.

Forðalykill var gerður fyrir Svínavatn með tilkomu nýju stíflunnar 1958. Þessi lykill var einnig notaður til að reikna út vatnsforða fyrir eldri vatnshæðarmælingarnar. Sá forði, sem fæst út úr þessum stopulu vatnshæðarmælingum, er ekki nákvæmur frá degi til dags, hins vegar fæst hugmynd um mánaðar- og árssveiflur.

Vatnshæð í Efri-Laxá hefur verið mæld frá ágúst 1947. Þær mælingar hafa lengst af verið kenndar við rennslisstöð vhm036 í númerakerfi Vatnamælinga. Upphaflega var lesið af kvarða við Tindabrú, sjá mynd 1. Í fyrstu voru álestrar slitróttir, en frá janúar 1949 var lesið af tvisvar í viku, þar til sítriti var tekinn í notkun 13. júní 1955. Brúað var línulega á milli mælinga. Þessar mælingar gefa ekki góða hugmynd um náttúrulegt afrennsli, nema tekið sé tillit til forðabreytinga í Svínavatni. Þess vegna hefur aðeins verið unnið úr gögnum frá þeim hluta mælitímans, þegar einnig voru til vatnsborðsmælingar í vatninu.

Vatnshæðarmæling á síritandi vatnshæðarmæli fyrir ofan brúna hófst 13. júní 1955. Hann var síðan færður á núverandi stað enn ofar í ánni 16. desember 1966. Talið er, að þvínær sama vatnið hafi verið mælt á öllum þessum stöðum. Númer mælisins hélst óbreytt þrátt fyrir flutningana. Í skýrslum, sem gefnar voru út á hinu gamla rafstöðvarskýrsluformi Vatnamælinga, var kallað, að þessir mælar mældu vatnshæð í lóni og útrennsli hjá "rafstöð" vhm036 Efri-Laxá, Ásum; Svínavatnsútfall. Eðlilegra þykir nú að tala um Svínavatnsmiðlun. Vatnshæð í lóni var þá gefin í staðarkerfi, en ekki í m y.s. eins og nú. Um breytingar á stöðvanúmerakerfi mælistöðva Vatnamælinga almennt er fjallað í næsta kafla.

Rennslislyklar, sem tengja vatnshæð og rennsli, voru upphaflega gerðir fyrir hvern mælistað. Þeir voru byggðir á þeim mælingum, sem til voru á hverjum tíma. Mælingarnar voru gerðar á mjög þröngu vatnshæðarbili. Enda kom í ljós, þegar flóðamælingar náðust 1984 og 1990, að lyklarnir höfðu annað útlit en áður hafði verið reiknað með. Því var talið nauðsynlegt að endurskoða lyklana og taka tillit til þessara háu mælinga. Því miður eru ekki til fastmerki fyrir eldri mælana, og er því ekki hægt að tengja vatnshæðirnar allar við sama fastmerki. Við endurskoðunina var því notað samband milli mælistaðanna í gegnum lyklana, en ekki beinar mælingar. Hins vegar eru til mælingar á sambandi vatnshæða við gamla síritann og kvarðann við Tindabré. Þeir lyklar, sem gerðir voru með þessari aðferð fyrir tímabilin þrjú, eru því í raun allir byggðir á lykli síðasta tímabilsins, vatnshæðum einungis hliðrað til samræmis við sambandið milli mælanna. Að baki liggur sú forsenda, að farvegur árinna hafi ekki breyst á þessu tímabili. Það var sannreynt með því að reikna lykil fyrir allar mælingar færðar til sambærilegra vatnshæða. Sá lykill varð mjög svipaður lyklinum fyrir síðasta tímabilið.

Ekki er góð aðferð við lyklagerð að nota vatnshæðir frá mörgum stöðum, en vegna þess hversu mikil áhrif háu mælingarnar hafa, var horfið að þessu ráði. Hins vegar verður að undirstrika þá óvissu, sem felst í því að færa vatnshæðir frá gamla síritanum og kvarðanum fyrir hans dag yfir á núverandi sírita.

Gögnin frá miðluninni eru meðhöndluð á sama hátt og gögn frá rafstöðvum. Hið melda rennsli Efri-Laxár er sett jafnt framhjárennsli og þar með útrennsli, þar eð notað vatn er ekkert. Forðinn í Svínavatni er fundinn út frá vatnshæð með forðalykli. Þá er innrennsli til vatnins reiknað. Það verður stundum neikvætt. Einkum gerist það á tímabilinu, áður en vatnshæð Svínavatns var skráð í sírita, en getur einnig gerst við snöggar breytingar, svo sem þegar lokan í flóðgáttinni er hreyfð. Einnig eru nokkur tímabil, þegar vatnshæðir í ánni eða vatninu eru áætlaðar, en þá er líklegt, að óvissa aukist við útreikninga á innrennsli.

3. NÚMERAKEFI OG STÖÐVARÞÆTTIR FYRR OG NÚ, FERLI GAGNAVINNSLU

Hér verður fyrst farið nokkrum orðum um stöðvanúmerakerfi Vatnamælinga fyrr og nú. Jafnframt er fjallað lítils háttar um stöðvarþætti almennt hjá virkjunum, miðlunum og veitum. Síðan er gerð grein fyrir í meginatriðum úrvinnsluferli gagna í tölvu.

Númerakerfi mælistöðva Vatnamælinga hefur frá upphafi byggst á hlaupandi númeraröð. Hafa númerin verið rituð sem "vhm "+ tala eða "vhm"+ 3 tölustafir, t.d. vhm 36 eða vhm036, síðari rithátturinn má teljast föst regla í seinni tíð. Lengst af var litið svo á, að í aðalatriðum væri um þrenns konar stöðvar að ræða, þ.e. rennslisstöðvar, vatnsborðsstöðvar og rafstöðvar. Hjá tveim þeim fyrstnefndu var aðeins mældur einn mælipáttur, hjá rafstöðvunum allt að þrjár, nefnilega framhjárennsli, notað vatn og vatnshæð í lóni. Auk þess voru vissir þættir reiknaðir út frá þessum grunnþáttum, þannig að í gagnabankanum tilheyrðu formlega 7 þættir hverri stöð (nú aðeins 6). Talað var um "gervirafstöðvar", ef um var að ræða miðlun án raforkufram-

leiðslu, þ.e. notað vatn var ekkert eða látið tákna einhverskonar "aukaframhjárennsli". Þá var ekki alltaf einkvætt samband milli númera og stöðvar, fyrir kom að sama númer vísaði bæði til rennslis- og vatnsborðsstöðvar eða bæði til rennslisstöðvar og rafstöðvar. Venjulega hélt stöð númeri sínu eftir tilfærslu á nýjan stað við sama vatnsfall, ef hún taldist mæla svipað vatn og áður. Nú stendur til næsta grundvallarleg endurskipulagning á gagnabanka og úrvinnslukerfi Vatnamælinga. Þar verður almennt lögð mikil áhersla á einkvæmni, þar á meðal í stöðvanúmerakerfinu, og er forsmekks þess farið að gæta í núverandi kerfi, þannig að stöðvarnúmerum hefur verið fjölgað og nær sú breyting stundum aftur í tímann. Venjulega fær mælistöð nýtt númer við tilfærslu, nema hún sé svo óveruleg, að stöðin teljist mæla alveg sama vatn og áður. Þetta skal hafa í huga, ef vísað er til eldri vhm-númera í þessari skýrslu og öðrum af sama tagi.

Í stað rafstöðva tölum við nú fremur um virkjanir, miðlanir og veitur. Ef til vill má kalla slíkar stöðvar "þáttastöðvar" til aðgreiningar frá þeim stöðvum, sem aðeins mæla einn vatnafarsþátt á einum stað. Alla vega er nú komist svo að orði, að hjá þessum stöðvum séu nú tölvuskráðir sex stöðvarþættir. Þrír þeir fyrst töldu hér á eftir teljast frumþættir í þeim skilningi, að þeir koma sem inntaksgögn við staðaltölvuvinnslu á þáttastöðvum hjá Vatnamælingum, eru sem sagt "mældir" beint eða óbeint. Forvinnsla á hreinum mæligögnum fer ýmist fram hjá rafstöðvum eða Vatnamælingum. Þrír síðartöldu þættirnir eru aftur á móti "reiknaðir" þættir, í staðalvinnslunni eru þeir leiddir af frumþáttunum á einfaldan, fastan hátt. Þættirnir eru:

Framhjárennsli
Notað vatn
Vatnshæð í lóni
Forði í lóni, svarandi til vatnshæðar skv. forðalykli
Útrennsli = Framhjárennsli + Notað vatn
Innrennsli = Útrennsli + Aukning forða í lóni

Reyndar er möguleiki, að forðinn hafi verið fundinn áður en að staðalvinnslu kemur, heyrir hann þá líka til inntaksgagna.

Áður fyrr var einnig sjöundi stöðvarþátturinn, heildarforði, hafður með. Þar var átt við samlagðan forða allra miðlunarlóna á vatnasviði virkjunarinnar, ekki bara forða næsta lóns fyrir ofan, sem þá var oftast nefnt inntakslón, nú frekar aðeins lón. Þegar það var eina miðlunarlónið var heildarforði að sjálfsögðu jafn forða í lóni. Þá gildi líka sambandið

Innrennsli = Útrennsli + Aukning heildarforða

Vegna breyttrar skilgreiningar á innrennsli getur komið fyrir, að innrennsli í skýrslum þeim, sem nú eru að koma út, verði allt annað en í eldri skýrslum. Annars fer jafnan fram endurskoðun á frumgögnum í tengslum við nýju útgáfuna, svo að alltaf má búast við einhverju mismæmi miðað við eldri tölur, það ætti þó yfirleitt að verða minni háttar, þegar til lengri tíma er litið.

Þess má láta getið að fyrrum kom fyrir, að aðeins var tölvuskráður forði/heildarforði, en ekki vatnshæð (inntaks-) lóns.

Nú köllum við *miðlun* það sem áður var nefnt gervirafstöð, og *veita* heitir þegar vatnsfall greinist án þess að þar sé um miðlunarlón að ræða.

Þar sem vafi getur leikið á hvort orðin "miðlun" og "veita" séu notuð í ofangreindri merkingu, má í þeirra stað nota orðin *miðlunarstöð* og *veitustöð*. Einnig má oft líta á orðin *virkJun*, *virkJunarstöð* og *rafstöð* sem samheiti á þáttastöðvum, þar sem rafmagn er framleitt.

Í gagnabanka Vatnamælinga er eins og er, hjá stöðvum öðrum en rennslisstöðvum, einni eða tveim tölum bætt framan við þriggja stöðvarnúmerið til að aðgreina stöðvartegundir og

stöðvarþætti. Vatnsborðsstöðvar eru með fjögurra stafa númer, þar sem "1" kemur á undan gamla stöðvarnúmerinu. Hjá þáttastöðvunum er þetta þannig, ef dæmi er tekið af vhm119, Svínavatni: Framhjärennslí skráist á 2119, notað vatn á 3119, vatnshæð í lóni á 4119, forði í lóni á 5119, útrennsli á 77119, innrennsli á 7119. Í framtíðarkerfi verður önnur aðferð notuð til aðgreiningar, þó að gömlu grunnnúmerin verði yfirleitt látin halda sér, þar mega þau númer líka verða lengri en þriggja stafa.

Frumgögn Svínavatnsmiðlunar berast Vatnamælingum sem blöð úr siritunum, sem skrá vatnshæðir í Svínavatni og Efri-Laxá. Um tölvuskráninguna, úrvinnsluna og gagnageymsluna skal aðeins farið fáum orðum, enda breytingum og byltingum undirorpin. Eins og er, eru notuð fjölmörg forrit, sem skrifuð hafa verið á Vatnamælingum, flest af Ásgeiri Sigurðssyni. Flestum þessara forrita er beitt við fleiri en eina þáttastöð, mörgum við þær allar. Sírítablöðin eru fyrst hnitúð, annaðhvort handvirkt á hnitaborði eða með SKUR-kerfi (vídeó-myndavél, sem tengist PC-tölvu). Dagsgildin og mánaðarútgildin, sem við það fást, eru enn skráð á vatnsborðsstöð vhm1199 og rennslisstöð vhm036, þó að þau númer séu nú opinberlega niðurlögð. Þegar árið er tilbúið, eru dagsgildi fyrir vatnshæð í lóni og framhjärennslí sótt þangað, vatnshæðin, sem enn er skráð í staðarkerfi á vhm1119, umreiknuð í hæð yfir sjó og notaða vatnið sett núll. Forði, útrennsli og innrennsli eru að lokum reiknuð alveg eins og um rafstöð (virkjun) væri að ræða, útrennsli verður þá hér jafnt framhjärennslí.

Stöðvarþættirnir, sem hér eru birtir sem töflur og gröf, eru vatnshæð í lóni, forði í lóni, útrennsli og innrennsli. Í töflunum með mánaðar- og árgildunum, sem birtar eru bæði í A- og B-hluta, eru útrennslisgildin einnig sýnd í dálkinum fyrir framhjärennslí. Sjá annars kaflann um niðurstöður.

Allir þættirnir eru aðgengilegir sem tölvutæk gögn. Gögn fyrir ákveðinn þátt og árabíl fara þá í textaskrá (ASCII) sem runa af dagsgildum, sem notandi getur fengið á disklingi eða yfir gagnanet.

4. FORÐA- OG RENNSLISLYKLAR

Forðalykill var gerður fyrir Svínavatn, þegar stíflan var endurbyggð 1958, og hefur honum ekki verið breytt síðan að öðru leyti en því, að vatnshæð þar hefur verið breytt úr hæð í staðarkerfi í hæð yfir sjó til samræmis við núgildandi hæðakerfi vatnshæðar í lóni. Þessi lykill var notaður til að finna forða út frá vatnshæð fyrr og nú.

Rennslislykill var gerður fyrir gamla kvarðann á brúnni á grundvelli rennslismælinga, en með auknum fjölda mælinga var talin þörf á endurskoðun lykilsins. Til er mælt samband milli kvarðans og gamla síritans.

Gerður var annar rennslislykill fyrir gamla síritann og gildi hann fyrir tímabilið frá 13. júní 1955 til 16. desember 1966. Einnig var talin þörf á endurnýjun þessa lykils í ljósi nýjustu rennslismælinga. Þar sem ekki er til mælt samband milli þessa síríta og nýja síritans, varð að nota samband þeirra í gegnum rennslislyklana.

Gallinn á báðum þessum gömlu lyklum er sá, að þeir eru byggðir á mælingum á fremur þröngu vatnshæðarbili án mælinga á hárennsli. Þegar hárennsli hafði verið mælt, kom í ljós, að útlit lyklanna var annað en gömlu mæligildin gáfu til kynna.

Nýr lykill var gerður fyrir síritann á nýja mælistaðnum. Hann hefur verið endurskoðaður nokkrum sinnum á þessu tímabili eftir því sem mælingum hefur fjölgað. Núverandi lykill er númer 4 og gildir fyrir allt tímabilið frá því, að síritinn var færður 16. desember 1966 og fram á þennan dag. Við gerð hans voru notaðar allar rennslismælingar, sem til eru frá þessu tíma-

bili, en þær eru 22 að tölu. Þær eru lang flestar gerðar við vatnshæðir á bilinu 140-175 cm. Lykillinn er talinn áreiðanlegur, þótt nokkur dreif sé á mælingunum. Ljóst er af athugun á rennslismælingunum, að tvær háar mælingar, sem náðust 1984 og 1990, ráða miklu um stefnu ferilsins og gjörbreyta fyrri hugmyndum um rennsli við háa vatnshæð.

Því þótti ástæða til að endurskoða lykla fyrir eldri mælistaðina. Til þess að leiðrétta efri hlutann á eldri lyklunum var gengið út frá þeirri forsendu, að breyting rennslis með hæð á bilinu frá miðlungsrennsli, ef svo er kallað rennslið á því bili, sem oftast var mælt á, að rennslinu við flóðmælingarnar væri sú sama við alla mælistaðina. Það merkir, að gert er ráð fyrir, að farvegslögun og ráðandi þversnið sé eins við alla mælistaði a.m.k. ofan við vatnshæð við miðlungsrennsli. Munurinn á þessari "miðlungsvatnshæð" í hæðarkerfum nýja og gamla síritans fékkst með því að taka vatnshæðarmismuninn við sama rennsli á bili miðlungsrennslisins. Samsvarandi munur hjá gamla sírita og kvarða fékkst út frá þekktu sambandi milli vatnshæða þeirra á því sama bili. Fyrst var svo vatnshæðum við rennslismælingar frá eldri mælistöðunum hliðrað yfir í kerfi nýja síritans, jafnt muninum á miðlungsvatnshæðum kerfanna, og rennslislykill reiknaður út frá þeim öllum. Allar rennslismælingarnar féllu á viðunandi hátt inn á þennan lykil og mælingar frá eldri mælistöðunum skáru sig ekki úr. Bendir það til, að forsendur séu réttar varðandi svipaða farvegslögun í tíma og rúmi, a.m.k. við venjulegt rennsli. Einföld athugun á farveginum mælir ekki á móti, að svo sé einnig við flóðrennsli og bendir ekki til breytinga í tímans rás. Því voru nú gerðir nýir lykilar fyrir eldri mælistaðina, sem byggðu á þeim rennslismælingum, sem raunverulega höfðu verið gerðar við þá að viðbættum flóðamælingunum, þar sem vatnshæðunum var hliðrað frá vatnshæð á nýja sírita eins og munur "miðlungsvatnshæða" hæðarkerfanna sagði til um.

Að lokinni þessari lyklastíð gilda eftirfarandi lykilar, sem birtir eru í viðauka 1:

Lykill nr. 5 gildir fyrir tímamann frá 1947 til 12. júní 1955.

Lykill nr. 6 tekur þá við og gildir frá 13. júní 1955 til 15. des. 1966.

Lykill nr. 4 tekur þá við og gildir frá 16. desember 1966 til dagsins í dag.

5. TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR

Ástand núverandi mælikerfis í Svínavatnsmiðlun er mjög gott, en veikleikar eru í lykklagerð fyrir eldri mælistaðina. Ekki er talið unnt að bæta úr þeim vanköntum úr því sem komið er.

Æskilegt væri að fá fastmerki á Svínavatnsstíflu mælt inn í landsnet, til þess að hægt sé að gefa upp réttar hæðir í metrum yfir sjó. Að þessu slepptu þarf að sinna venjubundnu viðhaldi á mælunum og tryggja sem best, að reksturinn gangi hnökralaust eins og verið hefur.

6. NIÐURSTÖÐUR

Í þessari skýrslu eru birt gögn um vatnsbúskap Svínavatnsmiðlunar á árunum 1950-1991, en miðlunin hófst 1937. Til eru mælingar á rennsli árinna frá 1947, en elstu vatnshæðarmælingar í Svínavatni eru frá 1950. Til þess að reikna innrennsli í miðlunina þarf að þekkja bæði útrennslið og forðabreytinguna, og því er aðeins unnið úr rennslisgögnum þess tímabils, sem vatnshæðin í Svínavatni hefur einnig verið mæld.

Elstu gögn um rennsli í Laxá og vatnshæð í Svínavatni eru kvarðaálestrar. Brúað er línulega á milli álestranna. Ljóst er, að þessar mælingar eru ekki jafn nákvæmar og óslitnar vatnshæðarmælingar í sírita. Mælingarnar má nota til að fá hugmynd um mánaðarrennsli og hugsanlega vikurennsli, en þær duga skammt til að spá í dagsrennslið. Rennslislyklar fyrir eldri tímabilin

(eldri mælistaðina) eru dálítið vafasamir ofan til, þar sem þar er stuðst við yfirfærðar hárennslismælingar, eins og fyrr segir.

Ársmeðaltöl útrennsli, forða og innrennsli eru sýnd á mynd 3 fyrir tímabilið í heild. Á sama hátt eru mánaðarmeðaltöl gefin á myndum 4a og 4b. Þessar langtímamyndir auðvelda samanburð milli ára. Greinilega kemur fram á myndunum, að forðinn í vatninu var lítill fram til 1958, þegar nýja stíflan var byggð. Einnig sést, að árin 1977-1982 var lítill forði í vatninu. Innrennsli til vatnsins var einnig lítið 1977-1982, en þó enn minna 1985-1988. Ársmeðaltöl forða og innrennsli vantar 1950, 1955 og 1956, af því að vatnshæðarmælingar í Svínavatni hófust ekki fyrr en um mitt ár 1950 og féllu niður hluta úr árunum 1955 og 1956.

Til enn frekari glöggvunar á vatnsbúskap miðlunarinnar voru gerðar myndir, sem sýna meðalhita og meðalúrkomu á Nautabúi í Skagafirði ásamt náttúrulegu afrennsli (innrennsli í miðlunarlon) af vatnasviðinu í mm, þ.e. sem úrkomujafngildi. Veðurstöðin á Nautabúi var valin, af því að þaðan eru til samfelldar mælingar allt tímabilið frá 1950-1991. Mælingar á veðurstöðvunum í Húnavatnssýslu á sama tíma voru ýmist ósamfelldar eða ekki til á tölvutæku formi allan tímann. Myndir 5a og 5b eru af ársmeðaltölum og myndir 6a og 6b af mánaðarmeðaltölum. Ársmeðaltöl afrennsli vantar 1950, 1955 og 1956, af sömu ástæðum og ármeðaltöl forða og innrennsli vantar á mynd 3.


Af myndunum má ráða, að afrennslið var með minnsta móti árin 1977-1982 og minnst árin 1985-1988. Afrennslið eltir lítið toppa í ársmeðalhita eða ársmeðalúrkomu, sem bendir til þess, að lítið samband sé á milli vatnafars á vatnasviði Svínavatns og veðurfars á Nautabúi. Afrennslistoppar eru einkum í tengslum við vorflóðin.

Í viðauka 2 í þessum A-hluta skýrslunnar eru töflur á tveim blöðum fyrir hvert ár. Þar eru fyrst og fremst mánaðar- og árgildi, bæði heildarrennsli í Gl og meðalrennsli í m^3/s og hvað vatnshæð og forða varðar staðan í lok mánaðar, mesta og minnsta innrennsli hvers mánaðar á föstu 5 daga tímabili (pentöðu), einnig mesta dagsrennsli mánaðarins. Í stuttum smáleturstextum með töflunum eru land- og vatnafræðilegar upplýsingar og lítillaga gerð grein fyrir því hvernig einstakir þættir eru fundnir. Þá eru þar m.a. langtímameðaltöl yfir útrennsli.


Þessar töflur eru einnig í hinum hluta skýrslunnar, B-hlutanum, sem er á lausblaðaformi. Að auki eru þar töflur með dagsgildum fyrir hvern þátt ásamt mánaðar- og árgildum. Fyrir lónið eru töflur með vatnshæð í m y.s. og forða í Gl kl. 24, jafnt dagleg gildi sem mánaðar- og ársmeðaltöl, og fyrir rennslisþættina eru töflur með daglegu rennsli í Gl/d og heildarrennsli mánaða og árs í Gl og töflur með öll gildi í m^3/s . Stuttir smáleturstextar eru með töflunum. Þar eru land- og vatnafræðilegar upplýsingar og aðeins gerð grein fyrir, hvernig einstakir þættir eru fundnir. Einnig eru örfá sagnfræðileg atriði um mælistöðina. Þá eru þar langtímameðaltöl, fyrir tímabilið frá upphafi stöðvarinnar og fyrir heila áratugi. Nauðsynlegustu athugasemdum, sem eiga sérstaklega við árið, sem um er að ræða, er komið að og þess getið, hver sér um gæslu vatnshæðarmælisins, þegar skýrslan er gefin út.

Fyrir hvert ár er mynd, sem sýnir alla þættina nema vatnsborðið. Rennslið er gefið í m^3/s , en forðinn í Gl. Einnig er mynd, sem sýnir veðurfar á Nautabúi og náttúrulegt afrennsli af vatnasviði miðlunarinnar. Þriðja myndin gefur inn- og útrennsli í m^3/s .


Vatnshæðarmælingarnar eru heillegar með aðeins örfáum stuttum hléum eftir tilkomu nýrri síritanna og er vatnshæð áætluð þau tímabil. Gögn eldri tímabilanna eru ekki eins örugg vegna óvissu um rennslislykla og mikilla ístruflana á þeim stað, sem síritinn var 1955-1966. Einnig voru kvarðaaðlestrar á fyrsta hluta tímabilsins. Gögn tímabilsins í heild teljast heilleg og áreiðanleg.




Mynd 3. Ársmeðaltöl útrennslis, forða og innrennslis 1950-1991.




Mynd 4a. Mánaðarmeðaltöl útrennslis, forða og innrenslis 1950-1970.




Mynd 4b. Mánaðarmeðaltöl útrennslis, forða og innrennslis 1971-1991.




Mynd 5a. Ársmeðalhiti og úrkoma á Nautabúi og náttúrulegt ársmeðalafrennsli í mm af vatnasviði miðlunarinnar 1950-1970.



Mynd 6a. Mánaðarmeðalhiti og úrkoma á Nautabúi og náttúrulegt mánaðar-meðalafrennsli í mm af vatnasviði miðlunarinnar 1950-1970.



Mynd 5b. Ársmeðalhiti og úrkoma á Nautabúi og náttúrulegt ársmeðalafrennsli í mm af vatnasviði miðlunarinnar 1971-1991.



Mynd 6b. Mánaðarmeðalhiti og úrkoma á Nautabúi og náttúrulegt mánaðar-meðalafrennsli í mm af vatnasviði miðlunarinnar 1971-1991.

VIÐAUKI 1

Forða- og rennslislyklar Svínvatnsmiðlunar

OS Vatnamælingar		Rennslislykill								vhm 036 Inr 5	
		EFRI - LAXÁ, ÁSUM									
Rennsli í m ³ /s, vatnshæð í cm		Lykill tók gildi : 1940.01.01									
Lykill gerður: 1993.03.12 ss		Lykill féll úr gildi: 1955.06.12									
cm	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	
0								.00	.01	.03	
10	.05	.07	.09	.12	.16	.19	.23	.27	.32	.36	
20	.41	.47	.52	.58	.64	.71	.77	.84	.91	.99	
30	1.06	1.14	1.22	1.31	1.39	1.48	1.57	1.66	1.76	1.85	
40	1.95	2.05	2.16	2.26	2.37	2.48	2.59	2.71	2.82	2.94	
50	3.06	3.19	3.31	3.44	3.57	3.70	3.83	3.96	4.10	4.24	
60	4.38	4.52	4.67	4.81	4.96	5.11	5.26	5.42	5.58	5.73	
70	5.89	6.05	6.22	6.38	6.55	6.72	6.89	7.06	7.24	7.42	
80	7.59	7.77	7.96	8.14	8.32	8.51	8.70	8.89	9.08	9.28	
90	9.48	9.67	9.87	10.1	10.3	10.5	10.7	10.9	11.1	11.3	
100	11.5	11.7	12.0	12.2	12.4	12.6	12.8	13.1	13.3	13.5	
110	13.8	14.0	14.2	14.5	14.7	14.9	15.2	15.4	15.7	15.9	
120	16.2	16.4	16.6	16.9	17.2	17.4	17.7	17.9	18.2	18.4	
130	18.7	19.0	19.2	19.5	19.8	20.0	20.3	20.6	20.9	21.1	
140	21.4	21.7	22.0	22.3	22.5	22.8	23.1	23.4	23.7	24.0	
150	24.3	24.6	24.9	25.2	25.5	25.8	26.1	26.4	26.7	27.0	
160	27.3	27.6	27.9	28.2	28.6	28.9	29.2	29.5	29.8	30.2	
170	30.5	30.8	31.1	31.5	31.8	32.1	32.5	32.8	33.1	33.5	
180	33.8	34.1	34.5	34.8	35.2	35.5	35.9	36.2	36.6	36.9	
190	37.3	37.6	38.0	38.3	38.7	39.1	39.4	39.8	40.1	40.5	
200	40.9	41.2	41.6	42.0	42.4	42.7	43.1	43.5	43.9	44.2	
210	44.6	45.0	45.4	45.8	46.2	46.6	46.9	47.3	47.7	48.1	
220	48.5	48.9	49.3	49.7	50.1	50.5	50.9	51.3	51.7	52.1	
230	52.5	53.0	53.4	53.8	54.2	54.6	55.0	55.4	55.9	56.3	
240	56.7	57.1	57.6	58.0	58.4	58.8	59.3	59.7	60.1	60.6	
250	61.0	61.4	61.9	62.3	62.8	63.2	63.6	64.1	64.5	65.0	
260	65.4	65.9	66.3	66.8	67.2	67.7	68.2	68.6	69.1	69.5	
270	70.0	70.5	70.9	71.4	71.9	72.3	72.8	73.3	73.7	74.2	
280	74.7										
290											
300											

$$Q = a (W - W_0)^b$$

$$W = 7-280: \quad a_1 = .4130517E-02 \quad b_1 = 1.7464091 \quad W_0 = 6.0$$

OS Vatnamælingar		Rennslislykill									vhm 036 Inr 6
		EFRI - LAXÁ, ÁSUM									
Rennsli í m ³ /s, vatnshæð í cm											Lykill tók gildi : 1955.06.13
Lykill gerður: 1993.03.12 ss											Lykill féll úr gildi: 1966.12.15
cm	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	
0											
10											
20											
30										.01	
40	.02	.05	.08	.13	.17	.23	.29	.36	.43	.51	
50	.60	.69	.78	.89	.99	1.11	1.23	1.35	1.48	1.61	
60	1.75	1.89	2.04	2.20	2.36	2.52	2.69	2.86	3.04	3.22	
70	3.41	3.60	3.80	4.00	4.20	4.41	4.63	4.85	5.07	5.30	
80	5.53	5.77	6.01	6.25	6.50	6.76	7.01	7.28	7.54	7.81	
90	8.09	8.36	8.65	8.93	9.23	9.52	9.82	10.1	10.4	10.7	
100	11.1	11.4	11.7	12.0	12.4	12.7	13.0	13.4	13.7	14.1	
110	14.4	14.8	15.1	15.5	15.9	16.3	16.6	17.0	17.4	17.8	
120	18.2	18.6	19.0	19.4	19.8	20.2	20.6	21.0	21.5	21.9	
130	22.3	22.7	23.2	23.6	24.1	24.5	25.0	25.4	25.9	26.3	
140	26.8	27.3	27.7	28.2	28.7	29.2	29.7	30.2	30.7	31.2	
150	31.7	32.2	32.7	33.2	33.7	34.2	34.7	35.3	35.8	36.3	
160	36.9	37.4	37.9	38.5	39.0	39.6	40.1	40.7	41.3	41.8	
170	42.4	43.0	43.5	44.1	44.7	45.3	45.9	46.5	47.1	47.7	
180	48.3	48.9	49.5	50.1	50.7	51.3	52.0	52.6	53.2	53.9	
190	54.5	55.1	55.8	56.4	57.1	57.7	58.4	59.0	59.7	60.4	
200	61.0	61.7	62.4	63.1	63.7	64.4	65.1	65.8	66.5	67.2	
210	67.9	68.6	69.3	70.0	70.7	71.4	72.2	72.9	73.6	74.3	
220	75.1	75.8	76.5	77.3	78.0	78.8	79.5	80.3	81.0	81.8	
230	82.6	83.3	84.1	84.9	85.7	86.4	87.2	88.0	88.8	89.6	
240	90.4	91.2	92.0	92.8	93.6	94.4	95.2	96.0	96.8	97.7	
250	98.5										
260											
270											
280											
290											
300											

$$Q = a (W - W_0)^b$$

$$W = 39-250: \quad a1 = .7169279E-02 \quad b1 = 1.7787100 \quad W_01 = 38.0$$

OS Vatnamælingar		Rennslislykill								vhm 036 lnr 4	
		EFRI - LAXÁ, ÁSUM									
Rennsli í m ³ /s, vatnshæð í cm										Lykill tók gildi : 1966.12.16	
Lykill gerður: 1993.01.07 SS										Lykill féll úr gildi:	
cm	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	
100											
110											
120							.01	.02	.05	.08	
130	.13	.18	.24	.31	.39	.48	.58	.68	.79	.92	
140	1.05	1.19	1.34	1.49	1.66	1.83	2.01	2.20	2.40	2.60	
150	2.82	3.04	3.27	3.51	3.75	4.01	4.27	4.54	4.82	5.11	
160	5.40	5.70	6.02	6.33	6.66	6.99	7.34	7.69	8.04	8.41	
170	8.78	9.17	9.56	9.95	10.4	10.8	11.2	11.6	12.1	12.5	
180	13.0	13.4	13.9	14.4	14.8	15.3	15.8	16.3	16.8	17.4	
190	17.9	18.4	19.0	19.5	20.1	20.7	21.2	21.8	22.4	23.0	
200	23.6	24.2	24.8	25.5	26.1	26.7	27.4	28.0	28.7	29.4	
210	30.1	30.8	31.5	32.2	32.9	33.6	34.3	35.0	35.8	36.5	
220	37.3	38.1	38.8	39.6	40.4	41.2	42.0	42.8	43.6	44.4	
230	45.3	46.1	46.9	47.8	48.7	49.5	50.4	51.3	52.2	53.1	
240	54.0	54.9	55.8	56.7	57.7	58.6	59.5	60.5	61.5	62.4	
250	63.4	64.4	65.4	66.4	67.4	68.4	69.4	70.5	71.5	72.5	
260	73.6	74.7	75.7	76.8	77.9	79.0	80.1	81.2	82.3	83.4	
270	84.5	85.6	86.8	87.9	89.1	90.2	91.4	92.6	93.8	94.9	
280	96.1	97.3	98.6	99.8	101	102	103	105	106	107	
290	109	110	111	112	114	115	116	118	119	120	
300	122										
310											
320											
330											
340											
350											
360											
370											
380											
390											
400											

$$Q = a (W - W_0)^b$$

$$W = 126-300; \quad a_1 = .5560432E-02 \quad b_1 = 1.9347841 \quad W_0 = 125.0$$

VIÐAUKI 2

Árstöflur með mánaðargildum einstakra stöðvarþátta


Ár 1950
Year

Miðlun
Reservoir

Svínavatnsmiðlun

Vatnsfall
River

Efri-Laxá í Húnavs.



1. Miðlun *Storage*

	Lón í lok mánaðar <i>Reservoir at end of month</i>		Hæsta staða í lóni <i>Max. stage of res.</i>		Lægsta staða í lóni <i>Min. stage of res.</i>		Sveifla í lóni <i>Range of regulation</i>
	Vatnshæð <i>Stage</i> m	Forði <i>Storage</i> Gl	Dagur <i>Day</i>	Vatnshæð <i>Stage</i> m	Dagur <i>Day</i>	Vatnshæð <i>Stage</i> m	
Jan							
Feb							
Mar							
Apr							
Maí							
Jún							
Júl	122,02	9,060					
Ágú	121,88	7,380	1	122,02	31	121,88	0,14
Sep	121,61	4,140	1	121,88	30	121,61	0,27
Okt	122,11	10,140	31	122,11	15	121,59	0,52
Nóv	122,66	16,930	30	122,66	1	122,15	0,51
Des	122,82	18,930	28	122,82	1	122,67	0,15
Ár <i>Year</i>							

Tegund vatnsfalls
Type of river
S+D


Vatnasvið km²
Drainage area
229.0

Tilheyrir aðalvatnsfalli
Belongs to main river basin
Laxá á Ásum

2. Vatnsnotkun *Water utilization*

	Heildarútrengsli <i>Accumulated outflow</i>				Meðalútrengsli <i>Average outflow</i>		
	Framhjärengsli <i>Excess flow</i>	Notað vatn <i>Utilized flow</i>		Útrengsli alls <i>Total outflow</i>	Framhjärengsli <i>Excess flow</i>	Notað vatn <i>Utilized flow</i>	Útrengsli alls <i>Total outflow</i>
	Gl	Gl	%	Gl	m ³ /s	m ³ /s	m ³ /s
Jan	6,785	6,785	2,53	...	2,53
Feb	6,044	6,044	2,50	...	2,50
Mar	6,914	6,914	2,58	...	2,58
Apr	6,887	6,887	2,66	...	2,66
Maí	16,964	16,964	6,33	...	6,33
Jún	19,656	19,656	7,58	...	7,58
Júl	11,861	11,861	4,43	...	4,43
Ágú	6,497	6,497	2,43	...	2,43
Sep	4,600	4,600	1,77	...	1,77
Okt	4,829	4,829	1,80	...	1,80
Nóv	4,904	4,904	1,89	...	1,89
Des	5,326	5,326	1,99	...	1,99
Ár <i>Year</i>	101,267	101,267	3,21	...	3,21

Ár 1950
Year



Miðlun
Reservoir

Svínavatnsmiðlun

Vatnsfall
River

Efri-Laxá í Húnavs.

3. Ársinnrennsli *Annual inflow*

	Innrennsli <i>Inflow</i>		Afrennsli <i>Runoff</i>		Mæld úrkoma <i>Measured precipitation</i>
	Gl	m ³ /s	l/s/km ²	mm	
Jan					...
Feb					...
Mar					...
Apr					...
Maí					...
Jún					...
Júl					...
Ágú	4,817	1,80	8	21	...
Sep	1,360	0,52	2	6	...
Okt	10,829	4,04	18	47	...
Nóv	11,694	4,51	20	51	...
Des	7,326	2,74	12	32	...
Ár <i>Year</i>					...

Útrennsli er framhjärennsli + notað vatn.

Innrennsli (í inntakslóni) er útrennsli + aukning forða í inntakslóni. Ónákvæmni í mældum stærðum getur stöku sinnum gert þetta reiknaða innrennsli neikvætt.

Ath.: Í eldri skýrslum frá sumum rafstöðvum var innrennslið reiknað út frá útrennsli og samanlagðri forðabreytingu í öllum miðlunarlónum ofan stöðvarinnar.

... í töflu merkir: Ekki tala samkvæmt edli máls.

Efri-Laxá er úr miðluðu stöðuvatni (Svínavatni) með dragárinnrennsli. Vatnasvið 229 km². Aðalvatnsfall Laxá á Asum.

Vatnshæð er mæld með síríta í Svínavatni, rétt ofan við miðlunarslíflu og forði fundinn út frá henni. Vatnshæðin er hér í m.y.s. Útrennsli (hér sama og framhjärennsli, notað vatn er ekkert) er mælt með síríta í Efri-Laxá, rétt neðan við miðlunarslíflu. Hann var áður vhm036 í númerakerfi Vatnamælinga.

Svínavatnsmiðlun tók til starfa 1937. Vatnshæð í Svínavatni var mæld nokkrum sinnum í mánuði við stífluna, frá 1950.07.02 til 1966.11.11, er síríti var gangsettur. Mælingar féllu niður hluta árunna 1955 og 1956.

Til eru stopulir kvarðaálestrar úr Efri-Laxá við Tindabru til ársloka 1948, en frá 1949 til 1955 eru til reglulegir álestrar. Eftir það var rennslið mælt með sírítum.

Meðalútrennsli 1950-1991 var 4,07 m³/s, 1951-1960 4,58 m³/s, 1961-1970 3,94 m³/s, 1971-1980 4,06 m³/s, 1981-1990 3,76 m³/s.

Gæsla 1991: Þorlákur Guðjónsson; RARIK, Laxárvatnsvirkjun.

4. Mesta og minnsta innrennsli *Maximum and minimum inflow*

	Mesta 5 daga innrennsli <i>Maximum pentad inflow</i>		Minnsta 5 daga innrennsli <i>Minimum pentad inflow</i>		Mesta dagl. innrennsli <i>Maximum daily inflow</i>	
	Dagar <i>Pentad</i>	m ³ /s	Dagar <i>Pentad</i>	m ³ /s	Dagur <i>Day</i>	m ³ /s
Jan						
Feb						
Mar						
Apr						
Maí						
Jún						
Júl						
Ágú	16-20	2,04	26-31	1,31	1	2,91
Sep	1-5	1,37	21-25	-0,01	1	1,94
Okt	26-31	6,96	6-10	1,33	31	8,97
Nóv	6-10	8,01	16-20	1,53	11	9,18
Des	6-10	3,63	11-15	2,22	8	4,79
Ár <i>Year</i>						


Ár
Year 1951

Miðlun
Reservoir

Vatnsfall
River

Svínavatnsmiðlun

Efri-Laxá í Húnavs.



1. Miðlun Storage

	Lón í lok mánaðar Reservoir at end of month		Hæsta staða í lóni Max. stage of res.		Lægsta staða í lóni Min. stage of res.		Sveifla í lóni Range of regulation m
	Vatnshæð Stage m	Forði Storage Gl	Dagur Day	Vatnshæð Stage m	Dagur Day	Vatnshæð Stage m	
Jan	122,94	20,430	21	122,98	3	122,82	0,16
Feb	122,92	20,180	17	122,98	28	122,92	0,06
Mar	123,29	24,805	31	123,29	4	122,89	0,40
Apr	122,78	18,430	14	123,38	30	122,78	0,60
Maí	121,70	5,220	1	122,73	28	121,69	1,04
Jún	121,75	5,820	30	121,75	1	121,70	0,05
Júl	121,94	8,100	31	121,94	2	121,75	0,19
Ágú	122,49	14,805	31	122,49	1	121,96	0,53
Sep	121,95	8,220	2	122,53	30	121,95	0,58
Okt	121,72	5,460	1	121,94	31	121,72	0,22
Nóv	121,94	8,100	28	121,94	11	121,69	0,25
Des	122,04	9,300	31	122,04	1	121,94	0,10
Ár Year				123,38		121,69	1,69

Tegund vatnsfalls
Type of river
S+D

Vatnasvið km²
Drainage area
229.0

Tilheyrir aðalvatnsfalli
Belongs to main river basin
Laxá á Ásum


2. Vatnsnotkun Water utilization

	Heildarútrengsli Accumulated outflow				Meðalútrengsli Average outflow		
	Framhjärengsli Excess flow	Notað vatn Utilized flow		Útrengsli alls Total outflow	Framhjärengsli Excess flow	Notað vatn Utilized flow	Útrengsli alls Total outflow
	Gl	Gl	%	Gl	m ³ /s	m ³ /s	m ³ /s
Jan	6,046	6,046	2,26	...	2,26
Feb	5,770	5,770	2,39	...	2,39
Mar	6,333	6,333	2,36	...	2,36
Apr	7,132	7,132	2,75	...	2,75
Maí	30,701	30,701	11,5	...	11,5
Jún	10,710	10,710	4,13	...	4,13
Júl	7,298	7,298	2,72	...	2,72
Ágú	7,117	7,117	2,66	...	2,66
Sep	7,020	7,020	2,71	...	2,71
Okt	6,684	6,684	2,50	...	2,50
Nóv	6,975	6,975	2,69	...	2,69
Des	7,009	7,009	2,62	...	2,62
Ár Year	108,795	108,795	3,45	...	3,45

Ár
Year 1951

Miðlun
Reservoir
Svínavatnsmiðlun

Vatnsfall
River
Efri-Laxá í Húnavs.



3. Ársinnrennsli *Annual inflow*

	Innrennsli <i>Inflow</i>		Afrennsli <i>Runoff</i>		Mæld úrkoma <i>Measured precipitation</i>
	Gl	m ³ /s	l/s/km ²	mm	mm
Jan	7,546	2,82	12	33	...
Feb	5,520	2,28	10	24	...
Mar	10,958	4,09	18	48	...
Apr	0,757	0,29	1	3	...
Mai	17,491	6,53	29	76	...
Jún	11,310	4,36	19	49	...
Júl	9,578	3,58	16	42	...
Ágú	13,822	5,16	23	60	...
Sep	0,435	0,17	1	2	...
Okt	3,924	1,47	6	17	...
Nóv	9,615	3,71	16	42	...
Des	8,209	3,06	13	36	...
Ár <i>Year</i>	99,165	3,14	14	433	...

Útrennsli er framhjärennsli + notað vatn.
Innrennsli (í inntakslón) er útrennsli + aukning forða í inntakslóni.
Ónákvæmni í mældum stærðum getur stöku sinnum gert þetta reiknaða innrennsli neikvætt.
Ath.: Í eldri skýrslum frá sumum rafstöðvum var innrennslið reiknað út frá útrennsli og samanlagðri forðabreytingu í öllum miðlunarlön-um ofan stöðvarinnar.
... (töflu merkir: Ekki tala samkvæmt eðli máls.

Efri-Laxá er úr miðluðu stöðuvatni (Svínavatni) með dragárinnrennsli. Vatnasvið 229 km². Aðalvatnsfall Laxá á Ásum. Vatnshæð er mæld með sírita í Svínavatni, rétt ofan við miðlunarstíflu og forði fundinn út frá henni. Vatnshæðin er hér í m.y.s. Útrennsli (hér sama og framhjärennsli, notað vatn er ekkert) er mælt með sírita í Efri-Laxá, rétt neðan við miðlunarstíflu. Hann var áður vhm036 í númerakerfi Vatnamælinga. Svínavatnsmiðlun tók til starfa 1937. Vatnshæð í Svínavatni var mæld nokkrum sinnum í mánuði við stífluna, frá 1950.07.02 til 1966.11.11, er síriti var gangsettur. Mælingar féllu niður hluta árinna 1955 og 1956. Til eru stopulir kvarðaálestrar úr Efri-Laxá við Tindabrú til ársloka 1948, en frá 1949 til 1955 eru til reglulegir álestrar. Eftir það var rennslið mælt með síritum. Meðalútrennsli 1950-1991 var 4,07 m³/s, 1951-1960 4,58 m³/s, 1961-1970 3,94 m³/s, 1971-1980 4,06 m³/s, 1981-1990 3,76 m³/s.

Gæsla 1991: Þorlákur Guðjónsson; RARIK, Laxárvatnsvirkjun.

4. Mesta og minnsta innrennsli *Maximum and minimum inflow*

	Mesta 5 daga innrennsli <i>Maximum pentad inflow</i>		Minnsta 5 daga innrennsli <i>Minimum pentad inflow</i>		Mesta dagl. innrennsli <i>Maximum daily inflow</i>	
	Dagar <i>Pentad</i>	m ³ /s	Dagar <i>Pentad</i>	m ³ /s	Dagur <i>Day</i>	m ³ /s
Jan	11-15	3,77	26-31	1,73	14	4,94
Feb	11-15	3,01	21-25	1,39	14	3,92
Mar	26-31	4,89	1-5	2,08	8	5,31
Apr	1-5	3,48	16-20	-3,74	1	5,15
Mai	11-15	16,8	1-5	0,20	13	21,7
Jún	1-5	6,51	21-25	3,10	2	7,49
Júl	26-31	5,64	1-5	2,70	29	6,22
Ágú	26-31	6,01	11-15	4,56	30	7,31
Sep	1-5	2,38	11-15	-0,61	2	5,95
Okt	16-20	2,07	6-10	0,53	28	2,59
Nóv	21-25	5,63	6-10	1,75	21	6,09
Des	26-31	3,91	6-10	2,70	2	4,10
Ár <i>Year</i>		16,8		-3,74		21,7


Ár 1952
Year

Miðlun
Reservoir

Svínavatnsmiðlun

Vatnsfall
River

Efri-Laxá í Húnavs.



1. Miðlun Storage

	Lón í lok mánaðar <i>Reservoir at end of month</i>		Hæsta staða í lóni <i>Max. stage of res.</i>		Lægsta staða í lóni <i>Min. stage of res.</i>		Sveifla í lóni <i>Range of regulation</i>	Tegund vatnsfalls <i>Type of river</i> S+D
	Vatnshæð <i>Stage</i> m	Forði <i>Storage</i> Gl	Dagur <i>Day</i>	Vatnshæð <i>Stage</i> m	Dagur <i>Day</i>	Vatnshæð <i>Stage</i> m		
Jan	122,29	12,314	30	122,29	1	122,05	0,24	
Feb	121,67	4,860	3	122,31	19	121,64	0,67	
Mar	121,66	4,740	14	121,70	30	121,65	0,05	
Apr	121,69	5,100	13	121,76	2	121,67	0,09	
Maf	122,04	9,300	29	122,04	11	121,63	0,41	
Jún	122,12	10,260	29	122,12	4	122,04	0,08	
Júl	122,42	13,930	31	122,42	3	122,12	0,30	
Ágú	122,64	16,680	30	122,64	1	122,44	0,20	
Sep	121,82	6,660	1	122,61	30	121,82	0,79	
Okt	121,77	6,060	1	121,82	26	121,73	0,09	
Nóv	121,79	6,300	9	121,85	17	121,64	0,21	
Des	121,83	6,780	27	121,83	15	121,77	0,06	
Ár <i>Year</i>				122,64		121,63	1,01	


Vatnasvið km²
Drainage area
229.0

Tilheyrir aðalvatnsfalli
Belongs to main river basin
Laxá á Ásum

2. Vatnsnotkun Water utilization

	Heildarútrengsli <i>Accumulated outflow</i>				Meðalútrengsli <i>Average outflow</i>		
	Framhjärengsli <i>Excess flow</i>	Notað vatn <i>Utilized flow</i>		Útrengsli alls <i>Total outflow</i>	Framhjärengsli <i>Excess flow</i>	Notað vatn <i>Utilized flow</i>	Útrengsli alls <i>Total outflow</i>
	Gl	Gl	%	Gl	m ³ /s	m ³ /s	m ³ /s
Jan	6,664	6,664	2,49	...	2,49
Feb	8,239	8,239	3,29	...	3,29
Mar	8,420	8,420	3,14	...	3,14
Apr	7,086	7,086	2,73	...	2,73
Maf	57,943	57,943	21,6	...	21,6
Jún	18,952	18,952	7,31	...	7,31
Júl	12,286	12,286	4,59	...	4,59
Ágú	7,662	7,662	2,86	...	2,86
Sep	8,189	8,189	3,16	...	3,16
Okt	7,044	7,044	2,63	...	2,63
Nóv	9,333	9,333	3,60	...	3,60
Des	8,145	8,145	3,04	...	3,04
Ár <i>Year</i>	159,963	159,963	5,06	...	5,06

Ár
Year 1952



Miðlun
Reservoir
Svínavatnsmiðlun

Vatnsfall
River
Efri-Laxá í Húnavs.

3. Ársinnrennsli Annual inflow

	Innrennsli Inflow		Afrennsli Runoff		Mæld úrkoma Measured precipitation mm
	Gl	m ³ /s	l/s / km ²	mm	
Jan	9,678	3,61	16	42	...
Feb	0,785	0,31	1	3	...
Mar	8,300	3,10	14	36	...
Apr	7,446	2,87	13	33	...
Maí	62,143	23,2	101	271	...
Jún	19,912	7,68	34	87	...
Júl	15,956	5,96	26	70	...
Ágú	10,412	3,89	17	45	...
Sep	-1,831	-0,71	-3	-8	...
Okt	6,444	2,41	11	28	...
Nóv	9,573	3,69	16	42	...
Des	8,625	3,22	14	38	...
Ár Year	157,443	4,98	22	688	...

Útrennsli er framhjärennsli + notað vatn.
Innrennsli (í inntakslón) er útrennsli + aukning forða í inntakslóni.
Ónákvæmni í mældum stærðum getur stöku sinnum gert þetta reiknaða innrennsli neikvætt.
Ath.: Í eldri skýrslum frá sumum rafstöðvum var innrennslið reiknað út frá útrennsli og samanlagðri forðabreytingu í öllum miðlunarlön-um ofan stöðvarinnar.
